

Skýrsla Tölvunefndar LH fyrir starfsárið 2019

Á síðastliðnum vetri var mikið unnið að lagfæringum og betrubótum á SportFeng og reynt var að vinna upp langan lista af ýmsum verkefnum og óskum. Mikið af því er nú afgreitt en því miður ekki allt. Markverðasta breytingin sem orðið hefur á SportFeng er sú að nú læsast mót þegar allir viðkomandi hafa staðfest mótsskýrslu. Þegar móti hefur verið læst er ekki lengur hægt að vinna neitt í mótinu í SportFeng. Jafnframt var sú breyting gerð að nú birtast einkunnir ekki í WorldFeng fyrr en mótinu er læst. Einkunnir telja heldur ekki inn á stöðulista fyrr en mótinu er læst. Hugsunin er sú að það skapist þrýstingur á mótshaldara til að klára allan frágang móta í SportFeng sem fyrst að þeim loknum.

Á síðasta vetri urðum við vör við vaxandi áhuga á SportFeng erlendis frá, sérstaklega frá Norðurlöndunum. Norðmenn komu hingað sérstaklega til að kynna sér kerfið og Svíar fengu að prófa það í sumar og hafa eru nú raunar farnir að nota SportFeng all nokkuð á sínum mótum. Finnar eru líka áhugasamir. Vegna þessa áhuga var hafist handa við að þýða SportFeng yfir á ensku. Nefndarmenn unnu mikið þýðingarstarf og í sumar var svo samið við Huldu Geirsdóttur til að yfirfara, samræma og klára þýðingarstarfið. Sú vinna er nú langt komin. Til að kerfið nýtist erlendis þarf einnig að gera á því ákveðnar breytingar aðrar en bara að þýða það. Þannig hefur verið unnið að nýju skráningakerfi sem á að verða nothæft í hvaða landi sem er. Vonast er til að öll þessi aðlögun og þýðingin klárast nú í vetur.

Smáforritið (appið) LH Kappi varð fljótt mjög vinsælt þegar það komst í notkun á árinu 2018. Nokkrar minni háttar lagfæringar hafa verið gerðar á því en ýmistlegt á eftir að laga og þróa áfram þar. Um tíma höfðum við lítil tengsl við fyrirtækið sem framleiðir appið en við vonumst til að það horfi til betri vegar.

Nefna má hér að Kristín Jónasdóttir úr Tölvunefnd situr nú fyrir hönd LH í sérstakri nefnf á vegum ÍSÍ sem hefur það hlutverk að leggja mat á Felix og koma með tillögur um hvert stefna skuli varðandi hugbúnaðarmál ÍSÍ félaganna. Við erum þess fullviss að starfskraftar Kristínar munu nýtast þar vel.

Nefndarmenn hafa, ásamt starfsmönnum skrifstofu LH alltaf lagt talsvert á sig til að leiðbeina og aðstoða notendur hugbúnaðarins, aðallega símleiðis. Ekki hefur dregið úr þessu. Nú er unnið að því að fullgera og endurskoða Handbók SportFengs en Hilda Karen Garðarsdóttir var fengin til þess verks.

Þetta fólk skipar nú Tölvunefnd LH: Ágúst Guðjónsson, Eypór Jón Gíslason, Gísli Geir Gylfason, Hallveig Fróðadóttir, Kristín Jónasdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sara Gísladóttir, Stefán Ágústsson, Valdimar Snorrason og Þórður Ingólfsson sem er formaður.

Fyrir hönd Tölvunefndar LH í október 2019,

Þórður Ingólfsson